

Ávarp rektors Háskóla Íslands, Jóns Atla Benediktssonar, við opnun

3. fundar um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna,

Hátíðarsal, 21. jan. Kl. 8:45

Ráðherra, góðir gestir.

Ég býð ykkur hjartanlega velkomin í Háskóla Íslands á þennan þriðja fund okkar í fundarröðinni um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Í dag ætlum við að beinum sjónum okkar að heimsmarkmiði númer níu, sem snýr að nýsköpun og uppbyggingu en það verða þau Rögnvaldur Jóhann Sæmundsson, prófessor við iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild og Berglind Rán Ólafsdóttir framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar sem munu flytja erindi.

Í þessari fundaröð, Háskólinn og heimsmarkmiðin, tókum við fyrir eitt heimsmarkmið í einu og teflum fram mörgum af okkar færustu fræðimönnum, auk sérfræðinga úr atvinnu- og þjóðlífi. Þetta er sem fyrr segir þriðji fundurinn í fundarröðinni en mig langar að segja ykkur frá því að það er margt annað spennandi í þípunum sem tengist heimsmarkmiðunum hér í Háskóla Íslands. Til dæmis eigum við nú í samstarfi við nemendur um fund sem þau munu halda um eitt heimsmarkmið og þeirra sýn á málefnið. Við erum enn fremur að undirbúa ráðstefnu um heimsmarkmiðin þar sem útgangspunkturinn

er heimsmarkmið númer 17, sem er *samvinna um heimsmarkmiðin*. Þá hefur líka verið sett af stað vinna innan háskólans við að skoða hvaða háskólar erlendis hafa staðið sig vel í að nýta heimsmarkmiðin sem leiðarljós í grunnstarfsemi sinni, það er rannsóknum og kennslu. Við viljum nefnilega gjarnan sjá og læra af öðrum hvernig við getum lagt okkar lóð á vogarskálarnir við lausn á þeim risastóru áskorunum sem bíða okkar og sem heimsmarkmiðin lýsa. Háskólasamfélagið verður að vera virkur þátttakandi ef raunverulegur árangur á að nást. Þannig að það er margt spennandi á döfinni sem ég hlakka til að deila með ykkur á næstunni.

En örstutt að efni dagsins.

Mikilvægi nýsköpunar við lausn þess vanda sem við stöndum frammi fyrir verður seint ítrekað nægilega. Ég trúir því að það sé í gegn um nýsköpunina sem okkur sem samfélag gefst tækifæri til að snúa vörn í sókn, að snúa þeim vandamálum og áskorunum nútímans, sem á stundum virðsast risastórar, í tækifæri og lausnir sem geta svo orðið forsendur þess samfélags sem börnin okkar munu byggja.

Heimsmarkmiðinum verður ekki náð án nýsköpunar. Og án nýsköpunar, stöndum við örugglega varnarlaus gagnvart þeirri vá, sem vísindamenn og fræðafólk hefur í áraraðir varað okkur við.

Það er svo alveg ljóst í mínum huga að samfélög sem vilja leggja áherslu á nýsköpun, verða að efla vísindi og rannsóknir. Þar eru undirstöðurnar eins og við þekkjum og höfum óteljandi dæmi um. Nægir bara að nefna stöndug fyrirtæki eins og Marel, flaggskip íslensks hugvits og nýsköpunar, og nýrri verkefni, eins og Oculis, Carbfix, Tamar og Heilsugreind, öll sem urðu til hér í Háskóla Íslands. Og dæmin eru auðvitað fjölmörg, en við viljum fjölga þeim enn frekar hér í Háskóla Íslands. Þess vegna höfum við lagt áherslu á uppbyggingu vísindagarða hér í Vatnsmýrinni sem viljum að verði samstarfs og samvinnuvettvangur atvinnulífs og vísindasamfélags. Við vitum nefnilega og þekkjum þá krafta sem hægt er að leysa úr læðingi með slíku samstarfi grunnrannsókna og atvinnulífs. Kennslan skiptir líka gríðarlegu máli. Nefna má að sérstök meistaranámsleið er í boði í nýsköpun og viðskiptaþróun undir stjórn Magnúsar Þórs Torfasonar og Rögnvaldar Jóhanns Sæmundssonar. Einnig bauð Háskóli Íslands í fyrsta skipti nú í vikunni upp á afar vel heppnað námskeið undir nafninu Kveikja, námskeið í nýsköpun fyrir grunnnema á þriðja ári á öllum fræðasviðum. Í Kveikju öðlast nemendur aukinn skilning á áskorunum samtímans og vinna að sameiginlegum lausnum þvert á námsleiðir og í samstarfi við öflugan leiðbeinendur úr háskólanum og atvinnulífi.

Við erum svo heppin að hér í dag er með okkur sennilega dyggasti talsmaður nýsköpunar hérlendis, Þórdís Kolbrún Reykfjörð

Gylfadóttir, ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar. Áður en við hlustum á meginerindin tvö, býð ég ráðherra innilega velkomna í Háskóla Íslands og að ávarpa fundinn.